

Ed.

372. Breytingartillögur

[173. mál]

við frv. til sveitarstjórnarlaga.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

1. Við fyrirsögn í fyrsta kafla, B. Meðlimir sveitarfélaga. Fyrirsögnin verði: Þegnar sveitarfélaga.
2. Við 10. gr. Í stað „meðlima“ í B-lið komi: þegna.
3. Við 15. gr. 2. mgr. Í stað „Bæjarstjórnir og hreppsnefndir“ komi: Bæjarstjórnir svo og hreppsnefndir.
4. Við 19. gr. 1. mgr. orðist svo:
Kjörgengir í sveitarstjórn eru allir þeir, sem kosningarrétt hafa í sveitarfélaginu.
5. Við 24. gr. Greinin orðist svo:
Skylt er sveitarstjórn að ákveða hæfilega þóknun til sveitarstjórnarmanna fyrir störf þeirra í sveitarstjórn.
6. Við 31. gr. Í stað „1/10“ í 1. málslið komi: 1/4.
7. Við 40. gr.
 - a. Fyrir „íbúatölu“ í 1. mgr. komi: íbúaskrá.
 - b. 2. mgr. orðist svo:
Auk launa þeirra, sem um ræðir í 1. mgr., skal greiða oddvita innheimtulaun, 4% af innheimtum útsvörum og öðrum sveitargjöldum, sem honum ber að innheimta hjá gjaldendum hreppsins.
8. Við 44. gr. Í stað „samkvæmt 39. gr.“ komi: samkvæmt 40. gr.
9. Við 54. gr. 1. mgr. orðist svo:
Ársreikningar hreppanna skulu fullgerðir fyrir febrúarlok ár hvert og ársreikningar kaupstaða fyrir lok maímánaðar.
10. Við 57. gr. Úr 1. mgr. falli niður orðin: „31. maí ár hvert, en í Reykjavík eigi síðar en“.